

Samþykkt um starfsþjálfun í námi kennaranema

Með lögum um fimm ára kennaramenntun til meistaraþrófs var mikilvægt skref stigið til þess að mæta sívaxandi kröfum um menntun kennara og skólastjórnenda. Þing KÍ gagnrýnir hins vegar að í lögin vantar ákvæði um að tryggja kennaranemum vettvangsnám, ekki síst þjálfun í kennslu við raunaðstæður. Þing KÍ bendir á að kennaramenntunarstofnanir geta ekki tryggt nemum þennan mikilvæga undirbúning fyrir kennarastarfið í nægilega miklum mæli vegna fjárskorts. Þingið heitir á stjórnvöld að beita sér fyrir lögfestingu ákvæða um vettvangsnám og tryggingu fjárveitinga til þessa starfsþáttar.

5. Þing KÍ hvetur kennaramenntunarstofnanir til þess að vinna að því að auka hlut vettvangsnáms kennaranema í nýju fimm ára kennaranámi. Sérstök áhersla verði lögð á aukna starfsþjálfun í kennslu við raunaðstæður undir leiðsögn reyndra kennara. Félagsmenn KÍ njóti í starfi sínu sem leiðbeinendur kennaranema starfskjara samkvæmt samningum milli viðkomandi háskóla og KÍ.